**145. löggjafarþing 2015–2016.**
**Þingskjal 161 — 161. mál.**

# Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um undirbúning búvörusamninga og minnkaða tollvernd.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig miðar viðræðum ríkisvaldsins og bændasamtakanna um gerð nýrra eða framlengdra búvörusamninga?
2. Er að vænta grundvallarbreytinga á fyrirkomulagi stuðnings við innlenda búvöruframleiðslu eða annarra mikilvægra breytinga á málaflokknum og ef svo er, í hverju felast þær breytingar?
3. Er ætlunin að bjóða þeim landbúnaðargreinum, sem verða fyrir mestri röskun á starfsskilyrðum vegna nýgerðra tollasamninga við Evrópusambandið, aðlögunar- eða stuðningssamninga líkt og gerðir voru við garðyrkjuna á sínum tíma?